

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

21. maí 2012

**Efni:** *Umsögn Sambands íslenskra sparisjóða til efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis um framvarp til breytinga á lögum um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002, með síðari breytingum. Þingskjal 1253, 762 mál.*

---

## Almennt

Stjórn Sambands íslenskra sparisjóða mælir með samþykkt frumvarpsins.

Sú meginstefna sem þar kemur fram, um að skerpa á sérstöðu smárra staðbundinna fjármálafyrirtækja, ætti að styrkja sparisjóðina og auka líkur á viðunandi bankþjónustu á landsbyggðinni, en trygg bankþjónusta er ein af forsendum fyrir öflugum byggðum.

Styrkari sparisjóðir ættu einnig að draga úr hættu á einsleitni á fjármálamarkaði og auka þannig líkur á raunverulegri samkeppni á markaðinum.

Rétt er einnig að vekja athygli á að í samræmi við þingsályktun Alþingis frá 10. Júní 2011 hefur verið skipuð „þriggja manna rannsóknarnefnd er leiti sannleikans um aðdraganda og orsök rekstrarerfiðleika og gjaldþrots sparisjóanna á Íslandi“

Þeirri nefnd er meðal annars ætlað að „koma með ábendingar og tillögur að breytingum á lögum, reglum, vinnubrögðum og skipulagi opinberrar stjórnsýslu sem miða að því að gera sparisjóðum kleift að starfa á þeim samfélagslegu og rekstrarlegu forsendum sem þeir voru stofnaðir á.“

Ætla má að nefndin skili í lok starfs síns tillögum um frekari lagabreytingar með ofangreind markmið að leiðarljósi.

Þær lagabreytingar sem lagðar eru til á þingskjali 762 eru eigi að síður mikilvægar m.a. til að greiða fyrir aðkomu nýrra aðila og aukins fjármagns til uppbyggingar á sparisjóðakeðjunni, en flestir sparisjóðirnir eru í erfiðleikum af völdum bankahrunsins og dóma um lögmæti gengisbundinna lána.

## Um einstakar greinar

Lögð er til eftirfarandi breyting á 68 gr:

Við lokamálsgrein 68. gr.“ *Stofnfjáreigendum er óheimilt að ganga á óráðstafað eigið fé við ákvörðun arðs, sbr. 63. gr., eða ganga að óráðstöfuðu fé sjálfseignarstofnunarinnar með öðrum hætti, svo sem með innlausn eða kaupum sjálfseignarstofnunarinnar á eigin stofnfjárlutum á hærra verði en nafnverði.*“ bætist: **Heimilt er þó að fresta arðgreiðslum af hagnaði ársins um mest tvö ár.**

Greinargerð:

Ætla má að ákvæði 68. gr. um að stofnfjáreigendum sé óheimilt að ganga á óráðstafað fé við ákvörðun arðs leið til þess að þrýstingur sé á að greiða sem mesta af hagnaði hvers árs út sem arð við uppgjör ársins. Heimild til frestunar ætti að draga úr ætluðum þrýstingi og skapa þannig möguleika til betri heildarsýnar yfir rekstur nokkurra ára.

F.h. Sambands íslenskra sparisjóða,

Ari Teitsson, stjórnarformaður